

Alþingi
Erindi nr. P 132/1409
komudagur 22.3.2006



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2006

Varðandi: mál nr. 16 um stuðning við einstæða foreldra í námi.

Álit Bandalags íslenskra námmanna (BÍSN)

BÍSN styður það skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu einstæðra foreldra í námi með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi.

Bandalag íslenskra námsmanna leggur áherslu á að fulltrúar nemenda bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi fái að koma að þessari vinnu með beinum hætti og verði fulltrúi þeirra skipaður í umræddan starfshóp.

F.h. BÍSN

Eyrun Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri BÍSN

Alþingi
Erindi nr. P 132/1197
komudagur 8.3.2006



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2006

Umsögn um þingsályktun um stuðning við einstæða foreldra í námi.

Heimili og skóli gerir enga athugasemdir við þingsályktunartillöguna um að skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu einstæðra foreldra í námi. Leggjum við til að starfshópurinn ræði við Félags náms- og starfsráðgjafa sem þekkir nokkuð vel stöðu þessara nemenda þar sem þeir leita töluvert til þeirra vegna erfiðleika sinna.

F.h. Heimilis og skóla

Elin Thorarensen

Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 15.03.2006

Umsögn: Tillaga til þingsályktunar um stuðning við einstæða foreldra í námi


Rauða krossi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stuðning við einstæða foreldra í námi.

Stefna Rauða krossins er að koma að verkefnum þar sem þörfin er brýn og draga sig síðan út þegar viðfangsefnin eru á veg komin. Að tilstuðlan Rauða kross Íslands var á árinu 1995 settur á stofn Námsjóður Félags einstæðra foreldra. Auk stofnframlags lagði Rauði krossinn fjármuni í sjóðinn allt til ársins 2003. Tilgangur sjóðsins var að veita einstæðum foreldrum tækifæri til að mennta sig eða bæta við menntun sína í því skyni að auka möguleika þeirra á vinnumarkaðnum. Greitt var úr sjóðnum tvisvar á ári; á vorönn og haustönn. Fjöldi einstæðra foreldra hefur fengið styrk úr sjóðnum og er það mat okkar að hann hafi sannarlega mætt brýnni þörf.

Eitt af grundvallarmarkmiðum Rauða kross Íslands er að styðja við þá sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu. Rannsóknir og kannanir, jafnt Rauða krossins sem annarra, sýna að stór hluti ungra einstæðra foreldra fellur í þann hóp sem við hvað kröppust kjör búa hér á landi. Á það ekki síst við um ungar mæður. Augljóst má því vera að sá hópur á erfitt um vik að fylgja eftir jafnöldrum sínum í námi. Námsjóður sem sérstaklega styður við bakið á einstæðum foreldrum í námi getur skipt sköpum fyrir þann þjóðfélagshóp. Einkum það unga fólk sem litla eða enga möguleika hefur á námslánum.

Með því að koma á Námsjóði Félags einstæðra foreldra var Rauði krossinn að bregðast við mikilli þörf og er það mat okkar að sú þörf sé ekki minni í samfélaginu í dag.

Rauði krossinn mælir með því að þingsályktunartillaga um stuðning við einstæða foreldra í námi verði samþykkt.



Helga G. Halldórsdóttir
sviðsstjóri innanlandssviðs
Rauða kross Íslands